

Ed.

194. Frumvarp

til laga um einkasölu á áfengi.

Flutningsmenn: Ingvar Pálmason og Páll Hermannsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin ein má flytja hingað frá útlöndum áfengi og vinanda, sem heimilt er að flytja til landsins og í er meira en $2\frac{1}{4}\%$ af vinanda að rúmmáli.

Lög þessi taka ekki til skipa, er koma í landhelgi og hafa innanborðs áfengi, ef farið er með það samkvæmt áfengislögunum.

2. gr.

Áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr., selur hún aðeins lyfsölum og læknum, er rjett hafa til lyfjasölu, og öðrum þeim, er áfengislög heimila. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissölu. Skal tekið fram í reglum þeim, hve mikið áfengi megi láta af hendi við hjeraðslækna, embættislausu lækna, dýralækna og lyfsala á hverju ári eða um ákveðið tímabil.

Ennfremur skal ákveðið í reglugerð, að suðuvökvi og áfengi til iðnaðar skuli í kaupstöðum og kaupþúnum landsins selt undir yfirumsjón og eftirliti forstöðumanns áfengisverslunarinnar.

3. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er um ræðir í 1. og 2. gr. þessara laga, leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita áfengisverslun ríkisins forstöðu. Í sambandi við áfengisverslun ríkisins er landsstjórninni heimilt að reka lyfjaverslun. Skal maður með lækni- eða lyfsalaprófi veita þeirri deild forstöðu undir yfirumsjón forstöðumanns áfengisverslunar. Ríkisstjórnin getur falið lækni eða lyfjafræðingi að hafa eftirlit með lyfjabúðum landsins og verðlagi þeirra. Prenta skal gjaldskrá um verð algengustu lyfja, eins og það er ákveðið af trúnaðarmanni landsstjórnarinnar, a. m. k. einu sinni á ári.

Nánari reglur um starfssvið forstöðumanns áfengisverslunarinnar setur ráðherra með erindisbrjefi.

5. gr.

Forstöðumaður tekur laun úr ríkissjóði og skal hafa að byrjunarlaunum kr. 5000,00 á ári, en launin hækka eftir 2, 4 og 6 ár í þessari röð um kr. 300,00, kr. 300,00 og kr. 400,00 upp í kr. 6000,00. Ríkisstjórninni er heimilt að ráða forstöðumann áfengisverslunarinnar og þá starfsmenn, er óhjákvæmilega þarf við daglegan rekstur hennar, til 5 ára í senn. Ríkisstjórnin getur þó vísað mönnum þessum úr þjónustu landsins, áður en samningstím-

inn er útrunninn, eftir sömu reglum og embættismönnum er vikið úr embætti. Þó er slíkur brottrekstur ekki lögmætur nema meiri hluti fjárhagsnefnda í báðum deildum Alþingis samþykki á sameiginlegum fundi brottvisun á næsta þingi eftir að afsetningin fór fram.

6. gr.

Ráðherra skipar tvo menn til að hafa á hendi endurskoðun allra reikninga verslunarinnar og alls rekstrar og fær þeim erindisbrjef.

7. gr.

Leggja skal á vinanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins, 50—100%, miðað við verð þess, að tolli meðtöldum, þegar það er komið í hús í Reykjavík. Lyf, er verslunin útvegar læknum, seljast án hagnaðar.

Áfengisverslunin og útibú hennar mega ekki láta áfengi af hendi nema gegn borgun út í hönd. Þó skal heimilt að lána áfengi í lyf, ef brýna nauðsyn ber til.

8. gr.

Verslunin skal greiða lögakveðna tolla og aðflutningsgjöld af vörum þeim, er lög þessi ræða um. Skulu gjöldin greidd í Reykjavík, þar sem vöruna ber fyrst að flytja á land, og á þeim tíma og samkvæmt því, er tolllög og skattalög mæla fyrir.

9. gr.

Verslunin skal jafnan hafa forða af áfengi og vinanda í Reykjavík. Viðskiftamenn verslunarinnar greiði flutningskostnað varanna innanlands.

10. gr.

Ágóði sá, er verður af versluninni, greiðist í rikissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Má þar ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufje og varasjóð.

11. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámark smásöluverðs á vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 200—40000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess eru vörur þær, sem inn eru fluttar í heimildarleysi, upptækar, og skal afhenda þær versluninni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í rikissjóð.

13. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum skal fara með sem almenn lög-reglumál.

14. gr.

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Ástæður.

Frv. þetta er samið að tilhlutun landsstjórnarinnar og flutt eftir hennar tilmælum. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta gerir nokkrar breytingar á lögum nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi.

Um einstakar greinar frumvarpsins athugast:

Um 1. gr.

Þessi grein er að mestn samhljóða 1. gr. nógildandi laga um sölu á áfengi, en þó er sú breyting gerð á, að feldur er niður rjettur sendimanna annara ríkja til þess sjálfir að flytja inn áfengi, og er þetta gert með tilliti til þess, að ætlast er til, að þeir eins og aðrir, sem rjett hafa til að fá áfengi flutt inn, láti áfengisverslun ríkisins útvega áfengið og sjá um innflutning þess.

Um 2. gr.

Þessi grein er samhljóða 2. gr. laga um einkasölu á áfengi, að öðru leyti en því, að í stað orðanna: . . . áfengi megi láta af hendi við lækna, dýralækna og lyfsala . . . kemur: . . . áfengi megi láta af hendi við hjeradslækna, embættislausu lækna, dýralækna og lyfsala. Þessi breyting er gerð með það fyrir augum, að gerður verði munur á því, hve mikið áfengi megi láta af hendi við hjeradslækna og embættislausu lækna.

Um 4. og 5. gr.

Aðalbreytingin í þessum greinum frá nógildandi lögum um einkasölu á áfengi er í því fölgín, að ríkisstjórninni er gefin heimild til að skipa sjerstakan forstöðumann fyrir áfengisverslun ríkisins, án þess að heimitað sje, að hann sje lyfjafræðingur, enda er það fullkominn óþarfi vegna áfengisverslunarinnar sjálfrrar. Umsetning lyfjadeildar áfengisverslunarinnar hefir sum árin verið um 30 þús. kr., en laun hins lyfjafróða forstöðumanns 18 þús. kr. Allar lyfjabúðir og margir læknar fá lyf sín utan við lyfjadeild áfengisverslunarinnar. Hjer er því gert ráð fyrir, að landsstjórnin hafi heimild en ekki skyldu til að reka lyfjaverslun. En svo sem að sjálfsögðu er auðvelt að fá hæfan mann til að sjá um þá deild fyrir minna kaup en sumir undirmenn áfengisverslunar hafa nú, ef litið er á það kaup, sem íslenskar lyfjabúðir hafa goldið dugandi starfsmönnum með lyfsalaprófi.

Í niðurlagi 4. gr. er flutt það nýmæli, að láta prenta árlega til almennra afnota verð algengustu lyfja. Er ætlunin með þeirri tilhögun að verja almenning fyrir ósanngjörnu verðlagi, sem alkunnugt er, að verið hefir hjer á sumum lyfjum. Það mun tæplega verða um það deilt, að hinn óhóflegi gróði sumra lyfjabúða stafar af ósanngjarnlega háu verði á þessum einkasöluvörum.

Í 5. gr. er gert það nýmæli, að stjórnin megi ráða forstöðumann og óhjákvæmilegasta starfsfólk verslunarinnar með nokkurra ára samningi. Er þar byggt á þeirri reglu, sem tekin var upp í lögum um fiskifulltrúa á Spáni. Mun það hafa verið gert til að veita þessum starfsmanni nokkurt öryggi við starf sitt,

þó að skifti um stjórn. Hinsvegar er álitid, að ekki sje fært að ganga jafnlangt og gert var við ráðningu fiskifulltrúans á Spáni, því að starf hans var með öllu óuppsegjanlegt meðan samningstíminn var ekki útrunninn. Hjer er gert ráð fyrir, að stjórnin geti upphafid starfssamning við áfengisverslun ríkisins, ef um alvarlega vanrækslu er að ræða af hálfu starfsmanns, en þó er sú uppsögn ekki gild nema meiri hluti fjárhagsnefnda samþykki.

Um 7. gr.

Álagningin á vínanda og áfengi er hækkud úr 25—75% upp í 50—100% og áfengisversluninni er bannað að lána áfengi nema brýna nauðsyn beri til. Frv. gerir ráð fyrir hækkun álagningar með tilliti til þess, að hjer er um mun- aðarvöru að ræða, sem engin ástæða er til að hlynna að, en ákvæðið um að banna að afhenda áfengi nema gegn borgun út í hönd er sett með það fyrir augum að tryggja sem best, að ríkissjóður verði ekki fyrir tapi af rekstri verslunarinnar.

Um 8., 9. og 12. gr.

8. gr. frv. gerir ráð fyrir, að áfengissendingar sjeu fyrst fluttar í land í Reykjavík, og er litið svo á, að með því móti verði eftirlitið með innflutningi öruggara heldur en ef senda mætti áfengið, eins og verið hefir, beint til útibúanna.

9. gr. er samhljóða 10. gr. nügildandi laga um einkasölu á áfengi, að öðru leyti en því, að síðasta setning 10. gr. hefir verið feld burtu, og er það í samræmi við það, sem sagt hefir verið um 8. gr.

12. gr. frv. hækkar sektir úr 10—20000 kr. upp í kr. 200—40000.